

Föstudaginn 1. október 1954.

Nr. 93/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Sigurði Guðnasyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárárar **Hæstaréttar**.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt ákæruskjali í máli þessu er ákærði einungis ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um bifreiðalagabrot eftir 1. málsg. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, með því að hafa ekið bifreið sinni í umrætt skipti í beinu framhaldi af neyzlu áfengis. Verður hann því ekkí dæmdur fyrir annað brot, og er refsing hans samkvæmt 1. málsg. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, hæfilega ákveðin 1.200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu á að vera óraskað. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðnason, greiði 1.200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttar-

lögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akranesskaupstaðar 7. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er af hálfu ákærvaldsins höfðað gegn Sigurði Guðnasyni, Kirkjubraut 28, Akranesi, með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðuneytinu 3. febrúar 1954, fyrir brot gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, til refsingar samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6 frá 1951, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Suðureyri í Súgandafirði 11. desember 1914.

Samkvæmt vottorði úr sakaskrá ríkisins hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Á Akranesi:

1939 11/1 Sátt, 30 kr. sekt fyrir æðarfugladráp. Byssa gerð upptæk.

1952 29/11 Dómur, 1.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Í Reykjavík:

1943 19/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1951 14/8 Kærður fyrir ölvun, fellt niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 8. desember 1953 var Sigurði Guðmundssyni, lögregluþjóni á Akranesi, tilkynnt, að ákærði í máli þessu, Sigurður Guðnason, Kirkjubraut 28, Akranesi, hefði ekið bifreið sinni, R. 2318, út í kálgarð skammt frá elliheimilinu á Akranesi og sæti bifreiðin þar föst.

Sigurður lögregluþjónn fór samstundis á staðinn, og reyndist þá umrædd bifreið vera þar föst, eins og tilkynnt hafði verið. Var þá eigandi og ökumaður bifreiðarinnar hjá henni svo mikið ölvaður, að hann reikaði í spori, enda viðurkenndi hann þá fyrir lögregluþjóninum, að hann væri drukkinn, en kvaðst ekki hafa orðið það fyrr en eftir, að hann ók út í garðinn.

Ákærði gaf lögregluþjóninum þá skýringu á stöðu bifreiðarinnar í garðinum, að hann hefði ætlað að snúa henni við og því ekið út í garðinn.

Fékk lögregluþjónninn síðan bifreið til að draga bifreið ákærða, R. 2318, upp úr garðinum og ók henni heim til ákærða.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi Akraness við rannsókn í málinu, viðurkenndi hann þegar að hafa ekið út í umræddan garð, en gaf

hina sömu skýringu á því og hann gaf Sigurði lögregluþjóni, þ. e., að hann hefði ætlað að snúa þar við.

Hins vegar viðurkenndi ákærði, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann ók bifreið sinni í umrætt skipti út í garðinn. Taldi hann sig þó hafa neytt svo lítils áfengis, að hann hefði ekki fundið til áhrifa af því, á meðan hann var að aka bifreiðinni, heldur hafi hann fyrst fundið til áfengisáhrifa, eftir að bifreiðin var orðin föst í garðinum, enda hafi hann þá sopið drjúgt á „ákavítis“-flösku, sem hann kvaðst hafa geymt í bifreið sinni.

Upplýst er í málinu, enda viðurkennt af ákærða, að auðveldlega hafi verið hægt að snúa bifreið við á umræddum stað án þess að aka út í garðinn. Enn fremur er upplýst, að umræddur garður var blautur vegna undangenginna þíðviðra og um 35—40 sm hár, aflíðandi stallur af götunni og niður í garðinn, þar sem ákærði ók út í hann.

Lítur dómurinn því svo á, að naumast sé hugsanlegt, að ákærði hafi verið sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hann var að gera, er hann ók út í garðinn, og telur sterkar líkur vera til þess, að hann hafi þá verið búinn að neyta meira áfengis en hann sjálfur telur verið hafa, enda hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi í umrætt skipti haft „ákavítis“-flösku með slatta í í bifreið sinni.

Ekki verður séð, að nokkuð það komi fram í vörninni í málinu, er leitt geti til þeirrar niðurstöðu að sýkna ákærða af ákæruatriðinu.

Þá verður ekki heldur litið svo á, að vottorð Guðrúnar Diljár Ólafsdóttur geti haft nokkra úrslitaþýðingu í máli þessu, þegar þess er gætt, að umræddur atburður skeður svo að segja í svartasta skammdeginu kl. 4½—5 síðdegis, en þá er mjög tekið að skyggja. Hefði ákærði því auðveldlega getað verið búinn að neyta áfengis, án þess að hún yrði þess vör, þar sem hann sat inni í bifreið sinni. Þá segir og í umræddu vottorði Guðrúnar Diljár, að um það bil, er hún kom inn í bifreið ákærða, hafi hann dregið fram flösku og sopið á henni „alldrjúgum“.

Gæti þetta einmitt hafa verið gert meðal annars til að dylja undangengna áfengisneyzlu, því að umrætt tiltæki ákærða hlýtur að hafa gert nefndri Guðrúnu Diljá lítt mögulegt að staðreyna, eftir að hún kom inn í bifreiðina, hvort ákærði hafði neytt áfengis áður eða ekki.

Af framangreindum ástæðum lítur dómurinn svo á, að umrætt vottorð Guðrúnar Diljár Ólafsdóttur geti naumast haft úrslitaþýðingu í málinu og því ekki ástæða til að leita staðfestingar hennar á því fyrir dómi, enda er vitanlegt, að menn geta neytt áfengis, án þess að á þeim sjáist í fljótu bragði.

Með eigin játningu ákærða og rannsókn málsins að öðru leyti þykir vera fengin full sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni

R. 2318 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis þriðjudaginn 8. desember 1953.

Hefur ákærði með framangreindu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6 frá 1951.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða réttindum til að aka bifreið ævilangt frá löglegri birtingu dóms þessa.

Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti, sbr. 3. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., Reykjavík, kr. 600,00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna margs konar annríkis dómarsins við önnur störf að undanfögnu.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur réttindum til að aka bifreið ævilangt.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., kr. 600,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. október 1954.

Nr. 23/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn

Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Áfengismagn það, 1,02%, sem reyndist vera í blóði ákærða, bendir eindregið til þess, að hann hafi neytt áfengis nótt þá, sem í málinu greinir. Skýrslur lögreglumanna þeirra, sem athuguðu ákærða, eftir að hann var stöðvaður í bílnum, veita og líkur fyrir áfengisneyzlu hans á nefndum tíma, en það